

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 26. maí kl. 13:00 var haldinn 365. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Helena Guðrún Guðmundsdóttir að hluta. Helena tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála, þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 26.05.2025, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF364 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram og kynnti ársfjórðungsuppgjör. Einnig voru Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds og Gréta Guðnadóttir, sérfræðingur í reikningshaldi viðstaddar þennan lið. Samandreginn árshlutareikningur samstæðu 01.01.2025-31.03.2025 lagður fram.

Reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

4. Klukkan 13:50 mættu Ingunn Ólafsdóttir, Guðjón Hlynur Guðmundsson og Stefán Viðar Grétarsson frá Innri endurskoðun og ráðgjöf til fundarins. Þau lögðu fram og gerðu grein fyrir niðurstöðum eftirfylgniúttektar áhættustýringar og lokadrögum að innri endurskoðunaráætlun 2025-2027 fyrir samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Innri endurskoðunaráætlun 2025-2027 borin upp og samþykkt samhljóða.
5. Klukkan 14:20 mætti til fundarins Jakob Sigurður Friðriksson, viðskiptaþróunarstjóri ásamt Stefan Willerslev, David Rundberg og Jacob Nymark frá ráðgjafarfyrtækinu Implement. Þeir kynntu verkefnið Mylluna og svöruðu spurningum stjórnarfólks. Stefan, David og Jacob yfirgáfu fundinn kl. 15:20.

Hlé

6. Jakob Sigurður Friðriksson gerði grein fyrir fyrirhugaðri aukningu á gjaldtöku opinberra aðila fyrir aðgang að auðlindum og hækkun á skattgreiðslum af orkuöflun og dreifingu rafmagns. Umræður. Stjórn samþykkti að greina áhrif áformanna á Orkuveituna og viðskiptavini, vænt skattspor, áhrif á gjaldskrá Landsnets og kostnað viðskiptavina, kröfu

um auðlindagjöld og skoða ítarlega samanburð á kröfu ríkisins og nýlegra samninga milli ríkis og Landsvirkjunar m.a. m.t.t. áhrifa á samkeppni á raforkumarkaði.

7. Klukkan 16:10 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri, til fundarins. Eiríkur lagði fram og kynnti rýni sjálfbærnistefnu. Breytt stefna lögð fram og samþykkt samhljóða.

Rýni gæðastefnu og minnisblað þar um, dags. 6. maí 2025, lagt fram. Stefnan lögð fram og samþykkt samhljóða.

8. Rekstraráhættur. Lögð voru fram eftirfarandi gögn: Áhættumælaborð fyrsta ársfjórðungs, mælikvarðar áhættumælaborðs, rekstraráhættuskýrsla og skýringar á breytingum á rekstraráhættuskýrslu.

9. Staða sjálfbærni- og forðamála. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi dags 22.05.2025 lagt fram.

10. Dótturfélög. Stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda. Gögn frá ON bárust ekki því þeirra stjórnarfundur verður 28.05.2025. Til upplýsingar.

Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 21.05.2025.

Fundargerð stjórnarfundar Veitna 166 dags. 29.04.2025 (ósamþykkt)

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr 240 dags. 28.04.2025. (ósamþykkt)

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 26.05.2025.

11. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 26.05.2025, auk fylgiskjala.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:30.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 30. júní 2025.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Skúli Þór Helgason

Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir,

Helena Guðrún Guðmundsdóttir.